

Áfangi: VÉL201G – Tölvuteikning og framsetning

Heiti: Verkefni 5


Afhent: 06. janúar 2018

Skil: 15. febrúar 2018

1. Prófdæmi 2017 (28%)

Gerðu ráð fyrir að ytri mál hlutarins á eftirfarandi mynd séu 150mm x 80mm x 50mm (lengd x breidd x hæð) og leysið eftirfarandi.

- 18% Útbúið 3 hornréttar varpanir af hlutum skv. evrópskri myndröðun og gangið frá skv. þeim teiknireglum sem við höfum farið yfir í vor. Veljið, gefið upp og notið viðeigandi kvarða.
- 08% Útbúið aukavörpun þar sem hlið A er sýnd í réttri stærð. Í aukavörpuninni nægir að varpa einungis hliðinni.




Auka upplýsingar varðandi útflatninga:

- Við gerum ráð fyrir því að hlutirnir séu holir og úr afar þunnu efni – þ.a. við gerum ekki ráð fyrir efnisþykkt og töpum í beygjum.
- Það kann að koma upp sú staða að ekki er hægt að smíða hlut út frá einum útflatningi. Oft má leysa það með útsjónarsemi (þ.e. byggja útflatning öðruvísi upp) en ef það gengur ekki miðið þá við að lágmarka heildarlengd skurðferlanna.

2. Prófdæmi 2017 (15%)

Gefnar eru 2 fallmyndir af holum hlut – útbúið útflatning af hlutnum (öllum yfirborðum). Veljið, notið og gefið upp viðeigandi kvarða.



Handteiknið lausnirnar á eftirfarandi verkefnum. Prentið út A4 ramma og handteiknið lausnirnar á blaðið og fyllið út í teikningahausinn – það á alltaf að fylla út í hann! Leysið þetta eins og þið væruð í prófi:

Hjálpargögn leyfð: Reiknivél og teikniáhöld.

Sýnið alltaf hjálpar- og vörpunarlínur. Merkið vörpunarplön, línur og enda þeirra. Skerpið á aðallínunum með dekkra blýi. Frágangur hefur áhrif á einkunn.

3. Prófdæmi 2016 (10%)

Fullklárið fallmyndirnar hér fyrir neðan, þ.e. teiknið upp fallmyndirnar sem sýndar eru og þá sem vantar (merkt með X). Gerið ráð fyrir að hver reitur sé 5mm x 5mm. Veljið, notið og gefið upp viðeigandi kvarða.

